



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Schola Akureyrensis

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2004-2005

**Anna Sigríður Davíðsdóttir
Harpa Sveinsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Stefán Þór Sæmundsson
Valur Sæmundsson**

Efnisyfirlit

Bls.

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2004-2005.....	3
2. Foreldrakönnun: Helstu niðurstöður.....	4
3. Áfangakannanir: Helstu niðurstöður.....	7
4. Framhaldsskólarýnir: Helstu niðurstöður.....	8
5. Litið yfir farinn veg.....	9
6. Úrbætur.....	11
7. Næstu skref í sjálfsmatinu.....	13

Fylgiskjal 1	Verkátun sjálfsmatsnefndar 2004-2007
Fylgiskjal 2	Foreldrakönnun – spurningalisti
Fylgiskjal 2	Foreldrakönnun - tíðnitöflur
Fylgiskjal 3	Styrkumsókn til Þróunarsjóðs framhaldsskóla
Fylgiskjal 4	Listi yfir gögn sem notuð voru við skráningu í Framhaldsskólarýni

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2004-2005

Sjálfsmatsnefnd í MA fyrir skólaárið 2004-2005 skipuðu Anna Sigríður Davíðsdóttir, Harpa Sveinsdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Stefán Þór Sæmundsson og Valur Sæmundsson.

Í september var verkáætlun fyrir sjálfsmat skólans endurskoðuð (sjá viðauka) og starf vetrarins skipulagt.

Í október og nóvember var samin könnun fyrir foreldra nemenda yngri en 18 ára. Höfð var að leiðarljósi könnun sem lögð var fyrir foreldra VMA á síðasta ári. Einnig var tekinn fyrir spurningapakki úr Framhaldsskólarýni (A-100) og gerðar breytingartillögur á honum sem sendar voru til Benedikts Sigurðarsonar. Benedikt uppfærði síðan spurningapakkan og sendi nýja útgáfu til skólans í desember.

Í desember voru lagðar áfangakannanir fyrir nemendur í 2. og 4. bekk í stærðfræði og erlendum tungumálum. Hver kennari fékk niðurstöður úr þeim áföngum sem hann kenndi og fylgdi starfsmannaviðtal við aðstoðarskólameistara í kjölfarið á áfangamatinu, þar sem kennara gafst tækifæri til þess að ræða kennslu sína og starf. Aðeins stjórnendur höfðu aðgang að þessum niðurstöðum, auk þess kennara sem um ræddi hverju sinni.

Í febrúar voru spurningar úr Framhaldsskólarýni lagðar fyrir starfsmenn skólans og foreldrakönnunin send út. Nemendur í FÉL 403 tóku að sér að slá inn niðurstöður könnunarinnar í tölfræðiforritið SPSS. Helstu niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru svo kynntar á kennarafundi í apríl.

Í febrúar sótti nefndin auk þess um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsskóla til þess að vinna verkefni sem hlaut nafnið *lýðræðislegt sjálfsmat*. Sigurlína Davíðsdóttir sér um handleiðslu í verkefninu sem er unnið í samstarfi við sjálfsmatsnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri. Verkefnið fékk 500 þúsund króna styrk úr sjóðnum og er umsóknina að finna í viðauka.

Í mars, apríl og maí vann sjálfsmatsnefndin í Framhaldsskólarýninum, skráði helstu veikleika og styrkleika skólans og kom með tillögur til úrbóta. Þessar niðurstöður er að finna síðar í skýrslunni.

Í maí voru áfangakannanir í stærðfræði og erlendum tungumálum lagðar fyrir 1. og 3. bekk. Unnið var úr niðurstöðum á sama hátt og á haustönn.

Í júní var unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar yfir skólaárið og skýrsla skrifuð.

2. Foreldrakönnun: Helstu niðurstöður

Í febrúar var send út könnun til foreldra ólöggráða nemenda, eins og áður hefur komið fram. Alls voru sendar út 334 kannanir og svöruðu 226 eða tæp 68%. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Ekki er hægt að segja að foreldrar sýni brennandi áhuga á að starfa með foreldrafélagi skólans því 53% foreldra segjast líklega eða örugglega ekki hafa áhuga á að starfa með foreldrafélaginu en aðeins 24% svara því til að þeir hafi örugglega eða líklega áhuga á að taka þátt.

Það er ánægjulegt að sjá að nánast allir foreldrar eru ánægðir með val barnsins á skóla og þannig var aðeins einn einstaklingur sem sagðist vera frekar óánægður með val barnsins. Langflestir foreldrar hafa auk þess traust á skóla barnsins, telja að skólinn stuðli almennt að góðum árangri nemenda og treysta því að skólinn haldi vel á málum nemenda. Flestir foreldrar reikna auk þess með því að barnið skili góðum árangri en 10% eru þó í vafa um það.

Miklar umræður hafa spunnist um busavígluna við skólann á undanförunum árum og sýnist sitt hverjum. Meirihluti foreldra hefur þó ekki áhyggjur af þessum hluta skólastarfsins því 64% eru sáttir við busavígluna. Um 14% foreldra finnst þó slík athöfn óþörf og 5% finnst hún harkaleg og niðurlægjandi.

Á kynningardag nýnema mætti um helmingur foreldra í 1. bekk. Þeir sem ekki mættu skýrðu flestir fjarveru sína annaðhvort með því að þeir hefðu um of langan veg að fara eða að tímasetningin hentaði ekki. Þeir sem mættu á kynningardaginn fannst langflestum að mjög vel eða nokkuð vel hefði tekist til.

Fáir foreldrar telja sig þekkja skólann og skólalífið mjög vel, eða tæp 7%. Um þriðjungur þekkir skólann nokkuð vel og 22% þekkir skólann frekar lítið. Um 63% foreldra þekkja reglur skólans og viðurlög við þeim. Tveir þriðju hlutar foreldra hafa áhuga á að kynna sér málefni skólans nánar. Athyglisvert er að um helmingur foreldra efast um að skólinn veiti foreldrum nægar upplýsingar um skólasókn, líðan og hegðun barna sinna og vill þess vegna fá beinar upplýsingar um gengi barna sinna t.d. með miðannarmati. Um 64% foreldra hafa lykilorð barns síns að Innu en aðeins 19% skoða Innu reglulega til þess að fylgjast með mætingu og einkunnum. Rúmur þriðjungur foreldra skoðar hins vegar heimasíðu skólans en þó eru 58% foreldra sem nota síðuna lítið sem ekkert. Aðeins 19% foreldra hafa haft samband við umsjónakennara barns síns. Ástæðan fyrir því að svona fáir foreldrar hafa rætt við umsjónarkennara barns síns er sú að þeir hafa ekki séð ástæðu til þess, barninu hefur almennt gengið vel.

Þegar spurt var um áhyggjur foreldra af barni sínu, kom í ljós að fæstir foreldrar eru þjakaðir af áhyggjum af líðan barns síns. Þannig voru um 10% foreldra mjög oft eða oft

áhyggjufullir vegna líðan barns síns en 57% voru frekar sjaldan eða nær aldrei áhyggjufullir. Foreldrar nemenda virðast treysta börnum sínum vel því fáir óttuðust að barnið hefði prófað eða myndi prófa ólögleg fíkniefni. Rúmur helmingur foreldra var þess fullviss að barn þeirra neytti alls ekki áfengis en tæpur helmingur taldi börn sín hins vegar hafa teygð af veigum Bakkusar. Mjög fáir álitu börn sín á hinn bóginn drekka mikið áfengi. Aðspurðir um forgangsröðun í forvarnarstarfi skólans, vilja foreldrar að mest áhersla verði lögð á heilbriggt félagslíf og baráttu gegn ólöglegum vímuefnum. Þegar foreldrar voru spurðir um áhuga á að sækja forvarnarfræðslu á vegum skólans, svöruðu tveir þriðju hlutar „örugglega“ eða „líklega“. Þess má þó geta að foreldrar sýndu þennan áhuga ekki í verki þegar haldinn var fundur hér við skólann um vímuefni, því mæting foreldra var ekki í samræmi við væntingar.

Þriðjungur ólöggráða nemenda vinnur með skólanum, þar af vinna 19% eingöngu í skólafríum, 9% vinnur um helgar, 3% á virkum dögum og 3% bæði á virkum dögum og um helgar. Helmingur foreldra telur að þessi vinna hafi áhrif á árangur barns síns og 58% telur að vinna með námi hafi almennt neikvæð áhrif á skólagerði 16-20 ára unglinga. Um 55% foreldra styrkir barn sitt mikið fjárhagslega og 40% styrkir barnið nokkuð mikið.

Nánast öllum foreldrum finnst mikilvægt að barnið afli sér menntunar.

Þegar spurt var um félagslíf, taldi 32% foreldra þátttöku barnsins í félagslífi skólans mikla eða fremur mikla, 45% svaraði „í meðallagi“ en 23% töldu barn sitt taka lítinn þátt í félagslífi skólans. Langflestir foreldrar voru sammála því að þátttaka í félagslífi skólans væri mikilvæg.

Foreldrar voru almennt ánægðir með frammistöðu stjórnenda skólans hvað varðar skipulag skólastarfsins og að kynna skólann og starfsemi hans. Þó svaraði talsverður hluti foreldra því til að þeir gætu ekki sagt til um þessi atriði.

Almenn ánægja virðist ríkja með aðbúnað og öryggi á heimavistinni en þó voru um 10% ekki fullkomlega ánægðir.

Í könnuninni voru tvær opnar spurningar þar sem foreldrum gafst tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum annars vegar um hvaðeina í skólastarfinu og hins vegar um heimavistina. Margir foreldrar nýttu sér tækifærið og barst 21 athugasemd þar sem kvartað var yfir stærðfræði í einhverri mynd, t.d. „Full miklar kröfur og of hratt farið yfir“ og „bráðnaðsynlegt að endurskoða aðferðir við stærðfræðikennslu í 1. bekk“. Alls voru 17 athugasemdir þar sem fram kom að meiri upplýsingar þyrftu að berast frá skólanum, s.s. um gengi barnsins (fá gögn send heim, umsjónarkennarar o.fl. hafi samband), 13 foreldrar notuðu þennan vettvang til að hrósa (jákvætt að halda í hefðir, bera traust til stjórnenda, kennsla góð, þakklæti, ánægja með vellíðan barnsins), 5 kvörtuðu yfir mætingakerfinu á einn eða annan hátt (s.s. að ekki væri munur á skröpi og veikindum) og 21 voru með ýmsar athugasemdir.

Um heimavistina bárust einnig ýmsar athugasemdir og flestar þeirra tengdust mötuneytinu. Þannig voru 19 sem vildu koma því á framfæri að maturinn í mötuneytinu væri ekki nógu hollur eða bragðgóður, 8 kvörtuðu yfir þjónustu þvottahúss, 5 nefndu að það væri dýrt að búa á heimavistinni, 4 vildu aukið eftirlit með börnum sínum og meiri upplýsingar um ýmsa þætti heimavistarinnar og að lokum notuðu 5 foreldrar tækifærið til þess að hrósa.

Tíðnitöflur fyrir allar spurningar könnunarinnar er að finna í viðauka.

3. Áfangakannanir: Helstu niðurstöður

Veturinn 2004-2005 var haldið áfram með mat á áföngum sem hófst á haustönn 2003. Þann vetur voru áfangar í íslensku og samfélagsgreinum metnir en í vetur var komið að erlendum tungumálum og stærðfræði.

Í byrjun desember voru lagðar fyrir kannanir í 1. og 3. bekk, um 12 áfanga hjá 15 kennurum. Niðurstöðurnar lágu fyrir stuttu fyrir jólafrí. Í byrjun maí voru síðan lagðar fyrir kannanir í 2. og 4. bekk um 12 áfanga hjá 16 kennurum og lágu niðurstöður fyrir við kennslulok. Miðað er við að hver nemandi svari að hámarki 3 könnunum og fengu kennarar áfangamat í 1-3 áföngum. Til samanburðar fengu þeir einnig heildarniðurstöður í árganginum. Að auki voru nú í fyrsta sinn prentaðar út þær athugasemdir sem nemendur geta gert í lok áfangamatsins og varða kosti og galla áfangans. Sjálfsmatsnefndin áttaði sig ekki á göllum í forritinu í fyrra og því var ekki hægt að láta kennara hafa slíkar athugasemdir þá. Nauðsynlegt er að nemendur merki athugasemdirnar kennurum því annars er ekki hægt að finna út hverjum þær eru ætlaðar.

Starfsmannaviðtöl eiga að fylgja áfangamatinu. Af fenginni reynslu frá því í fyrra var ákveðið að byrja þau fyrr og fyrri lota viðtalanna var því í janúar og febrúar og var þá rætt við 13 kennara. Seinni lotan verður í júní. Viðtölin fara fram í skólanum, í Meistarastofu eða viðtalsherbergi, og taka alla jafna um klukkustund. Kennarar fá send umræðuefni fyrirfram svo þeir geti undirbúið sig og viti um hvað viðtalið snýst. Meginmarkmiðið er að ræða niðurstöður áfangakannana í samhengi við starfið allt og líðan og gengi í kennslu.

Af fenginni reynslu þessara tveggja ára væri æskilegt að endurskoða spurningarnar í áfangakönnunum þegar hringnum verður lokað næsta ár og gera þær markvissari.

Niðurstöðurnar í þessu áfangamati eru í heildina mjög svipaðar þeim á síðasta ári. Nemendur eru í langflestum tilvikum ánægðir með kennsluna, telja kennara stundvísa, skipulagða, kunna sitt fag og vera vel undirbúna, í góðum samskiptum við nemendur og mismuna þeim ekki. Nokkrir áfangar komu sérlega vel út, þar sem nemendur lýstu yfir mikilli ánægju með kennsluna og kennara sína.

Þær spurningar sem koma síst út eru (þ.e. flestir svara bæði og, og mikil dreifing er milli hinna svarmöguleikanna):

4. Kennarinn hefur haldið athygli minni vel
10. Kennarinn gerir námið áhugavert
18. Verkefni áfangans eru áhugaverð
19. Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa
10. Kennarinn hefur hvatt mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum
21. Kennarinn sýnir fram á tilgang með náminu

Spurningarnar voru alls 29, auk þriggja opinna spurninga í lokin.

4. Framhaldsskólarýnir: Helstu niðurstöður

5. Litið yfir farinn veg

Það sem áunnist hefur að öllu eða einhverju leyti:

Í skýrslu sjálfsmatsnefndar veturinn 2003-2004 voru settar fram ýmsar tillögur til úrbóta. Sumar tillagnanna hafa náð fram að ganga, unnið er að öðrum þeirra en þó eru nokkrar tillögur sem hafa þurft að bíða betri tíma.

Þær úrbótatillögur sem hafa náð fram að ganga a.m.k. að einhverju leyti eru eftirfarandi:

1. Nefnd um markmið og framtíðarsýn skólans hefur verið sett á laggirnar og ætlar m.a. að nýta sér stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) í því skyni að endurskoða markmið skólans.
2. Umræður um skólanámskrá MA eru komnar í gang. Skólanámskráin hefur þó ekki verið endurskoðuð í heild sinni eins og sjálfsmatsnefnd lagði til í fyrra, enda tekur það lengri tíma en eitt skólaár. Hins vegar hafa farið fram talsverðar umræður í deildum um námskrána, hvað hefur gefist vel og hverju þyrfti að breyta. Hafa námsbrautastjórar haldið fundi með námsgreinastjórum um þessi mál og þannig blásið til umræðunnar.
3. Tölvukerfi skólans hefur batnað að einhverju leyti. Í þjónustukönnun kom fram að stór hluti nemenda var almennt óánægður með það. Óljóst er hvaða þætti kerfisins nemendur voru óánægðir með og því erfitt að meta hvort búið er að bæta úr þeim eður ei. Ýmislegt hefur þó verið gert í því skyni að fá tölvukerfi skólans til þess að virka betur og má nefna að þráðlaust samband hefur verið bætt í öllum húsum skólans með því að setja upp 5 nýja senda. Tölvum í tölvustofum hefur auk þess fjölgað.

Það sem hefur ekki enn áunnist

Þær útbótatillögur sem settar voru fram en er ekki byrjað að vinna að ennþá eða ekki hafa náð fram að ganga eru eftirfarandi:

1. Skólaárið er óbreytt. Ekki hefur fengist fjárveiting frá stjórnvöldum til þess að fjármagna breytingarnar.
2. Starf ÁÁÁ-hópsins (nefnd um áhuga, árangur og ástundun nemenda) lá að mestu leyti niðri þetta skólaár.

3. Hvorki skólalæknir né hjúkrunarfræðingur hafa haft fastan viðtalstíma í hverri viku hérna í skólanum en til bóta er að hjúkrunarfræðingur hefur haft fastan viðtalstíma tvisvar í viku á Lundi.
4. Afgreiðslutími á skrifstofu skólans hefur ekki verið lengdur. Í þjónustukönnun sem lögð var fyrir nemendur á skólaárinu 2003-2004 kom í ljós að stórum hluta nemenda fannst afgreiðslutíminn of stuttur.
5. Ekki hefur verið farið í saumana á því hvort hægt sé að skipuleggja starf umsjónarkennara betur. Í fyrrnefndri þjónustukönnun kom í ljós að stór hluti nemenda nýtir sér ekki aðstoð umsjónarkennara og telur sig ekki hafa gagn af því.
6. Aðstaða nemenda til þess að matast hefur ekki batnað.

6. Úrbætur

Úrbætur sem þarf að vinna að strax:

1. Halda áfram námskrárumræðunni, fara skipulega í gegnum síðustu námskrá, styrkleika hennar og veikleika og hverju helst þurfi að breyta. Yfirvöld menntamála virðist stefna ótraud að þriggja ára námi til stúdentsprófs og því er nauðsynlegt að starfsfólk MA sé vel undirbúið fyrir þær breytingar sem stefnt er að, hvort sem verður af þeim eður ei. Til þess þarf markvissa umræðu og undirbúning.
2. Taka þarf til athugunar hvort og hvernig hægt sé að auka upplýsingastreymi til foreldra. Eins og fram hefur komið í skýrslunni, vill um helmingur foreldra sem á ólöggráða barn í skólanum, fá meiri upplýsingar um barn sitt. Ræða þarf hvort taka eigi upp miðannarmat, hvernig umsjónarkennarar geti miðlað meiri upplýsingum til foreldra, hvort nota megi tölvupóst í auknum mæli til þess að hafa samband við foreldra, hvernig hægt sé að fá foreldra til þess að nota Innu í meiri mæli, o.s.frv.
3. Í forelðrakönnun lýsa nokkrir foreldrar yfir áhyggjum sínum af stöðu stærðfræðinnar í MA. Forelðrafélagið, FORMA, hefur auk þess sent bréf til skólans og lýst yfir áhyggjum m.a. af falli í stærðfræði. Nauðsynlegt er því að skoða stöðu stærðfræðinnar í skólanum.
4. Í forelðrakönnun ber nokkuð á kvörtunum yfir matnum í mötuneyti heimavistarinnar. Ýmist er staðhæft að maturinn sé ekki nógu hollur eða ekki nógu bragðgóður. Brýnt er að skoða þessi mál, nauðsynlegt er að mötuneytið bjóði upp á kjarngott fæði fyrir nemendur skólans svo þeir séu í stakk búnir til þess að glíma við öll þau krefjandi viðfangsefni sem bíða innan veggja skólans sem utan.

Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst

1. Endurnýja þarf þróunaráætlun fyrir Menntaskólann á Akureyri, en núverandi áætlun rennur út árið 2005. Í Framhaldsskólarýni kemur fram að starfsmenn skólans eru á báðum áttum varðandi það hvort framtíðarsýn og markmið stjórnenda séu sýnileg og skýr. Þróunaráætlun sem unnin er í samráði við starfsmenn skólans ætti þannig að efla sameiginlega framtíðarsýn og markmið þeirra sem við skólann starfa. Nefnd um markmið og framtíðarsýn skólans er heppilegur vettvangur til þess að hefja slíkt starf.

2. Endurnýja þarf UST-áætlun fyrir Menntaskólann á Akureyri. Núverandi áætlun rennur út árið 2005.
3. Í foreldrakönnun komu fram nokkrar óánægjuraddir með þjónustu þvottahúss heimavistarinnar þar sem því var haldið fram að ekki væri óalgengt að þvottur týndist eða væri ekki rétt þveginn. Athuga þarf hvað hæft er í þessum staðhæfingum og bæta úr þessu ef ástæða er til.
4. Skipuleggja þarf forfallakennslu í MA. Á síðustu árum hafa utanlandsferðir starfsmanna aukist mjög vegna alls kyns samstarfsverkefna við skóla erlendis. Af þessum sökum þarf að skipuleggja forfallakennslu með einhverjum hætti og e.t.v. setja einhverjar starfsreglur um hverjar skyldur kennara séu sem fara utan á skólatíma. Upplagt er að fela verkefnisstjóra um erlend samskipti að leggja drög að þessu.
5. Í foreldrakönnun kom í ljós að þriðjungur ólöggráða nemenda vinnur með námi og ljóst er að hlutfallið eykst í efri bekkjum skólans. Helmingur foreldra telur að vinna með námi bitni á námsárangri og án efa eru margir kennarar sama sinnis. Lagt er til að skólinn taki skýra afstöðu til vinnu nemenda með námi og birti hana á vef skólans.
6. Lengja þarf afgreiðslutíma skrifstofu skólans.

Úrbætur sem vinna þarf að í náinni framtíð

1. Í Framhaldsskólarýni kom fram að starfsfólk telur að almennt sé ekki brugðist við slökum árangri í einstökum áföngum með skipulegum hætti. Ræða þarf hvort ástæða sé til þess að setja vinnureglur um slíkt.
2. Bæta þarf aðstöðu nemenda í skólanum til þess að matast. Í þjónustukönnun kom fram að um þriðjungi nemenda finnst aðstaðan ekki nógu góð, enda eru fá borð í Kvosinni og meirihluti nemenda þarf að borða matinn sinn sitjandi á hörðu og köldu gólfinu.
3. Í Framhaldsskólarýni kom fram að starfsfólk telur að ekki sé brugðist við einelti með skipulegum hætti. Þetta þarf að taka til athugunar, er t.d. ástæða að setja eineltismál í ákveðinn farveg, þannig að allt starfsfólk skólans viti hvernig bregðast eigi við, vakni grunur um einelti?
4. Heildstæð endurmenntunaráætlun skólans liggur ekki fyrir. Ástæða er til að útfæra slíka stefnu og ætti nýráðnum verkefnisstjóra í endurmenntun að vera í lófa lagið að hafa umsjón með því.

7. Næstu skref í sjálfsmatinu

1. Aðalverkefni sjálfsmatsnefndar á næsta ári er að vinna að verkefninu *Lýðræðislegt sjálfsmat* undir handleiðslu Sigurlínu Davíðsdóttur.
2. Halda áfram áfangakönnunum. Á næsta ári verða áfangakannanir lagðar fyrir í raungreinum, upplýsingatækni, lífsleikni og íþróttum.
3. Eftir skólaárið 2005-2006 hafa allar námsgreinar skólans gengið í gegnum skipulagt áfangamat. Því er ástæða til þess að sjálfsmatsnefnd fari í gegnum allt ferli áfangakannananna og skoði hvort ástæða sé til þess að breyta einhverju varðandi skipulag, orðalag spurninga, o.fl.
4. Athuga þarf hvort ástæða sé til að gera einhvers konar úttekt á nýju heimavistinni. Slíka könnun yrði að gera í samvinnu við VMA.

Að lokum:

Starfshópur um sjálfsmat í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki, foreldrum og nemendum skólans sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

Menntaskólanum á Akureyri
13. júní 2005

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Harpa Sveinsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Stefán Þór Sæmundsson

Valur Sæmundsson